

Alþingi

Erindi nr. Þ 120/1407

komudagur

15.4 1996

BIFREIÐASTJÓRAFÉLAGIÐ SLEIPNIR

Mörkin 6 • 108 Reykjavík • Sími 568 9840 • Fax 568 9875 • Kt: 600269-2409



Nefndadeild Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Reykjavík 09.04.96

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum.

Óskað hefur verið umsagnar Bifreiðastjórafélagsins Sleipnis um ofangreint frumvarp um breytingar á vinnulöggjöfinni. Svar Bifreiðastjórafélagsins Sleipnis fylgir hér á eftir:

Bifreiðastjórafélagið Sleipnir mótmælir harðlega hugmyndum lögðum fram í ofangreindu frumvarpi til skerðingar á réttindum launafólks í landinu.

Sérstaklega vill Bifreiðastjórafélagið Sleipnir mótmæla hugmyndum um aukið vald sáttasemjara í vinnudeilum til að leggja fram svokallaðar miðlunartillögur, sem að mati Sleipnis standa engan veginn undir nafni.

Reynsla félagsins frá síðustu kjaradeilu er að algjörlega ótímabær miðlunartillaga, nánast samhljóða síðasta tilboði vinnuveitanda, var lögð fram snemma á samningstímanum. Hún var reyndar kolfelld, en tafði fyrir frekari viðræðum.

Ennfremur mótmælir félagið harðlega ákvæðum frumvarpsins um boðun vinnustöðvunar og framkvæmd atkvæðagreiðslu, þar sem gert er ráð fyrir siendurteknum allsherjaratkvæðagreiðslum á ýmsum stigum samningaferilsins, sem af augljósum ástæðum, verða fráleitt taldar til hagsbóta fyrir félagsmenn verkalýðsfélaganna.

Með frumvarpi þessu virðist eingöngu eiga að freista þess að slá vopnin úr höndum verkalýðsfélaganna og gera þeim, með ýmsum óyfirstíganlegum lagaákvæðum, ókleift að ganga til frjálsra samninga um kjör félagsmanna sinna. Við lestur frumvarpsins læðist að okkur sá grunur að höfundar þess hafi notið dyggjar aðstoðar vinnuveitenda. Á hinn bóginn virðast samtök launþega hafa verið víðs fjarri við samningu þess.

Bifreiðastjórafélagið Sleipnir skorar á alla þingmenn að vísa frumvarpi þessu frá og láta aðila vinnumarkaðarins ljúka því starfi sem hafið var til breytinga á vinnulöggjöfinni.

Virðingarfyllst fh. Bsfr. Sleipnis,


Óskar Stefánsson formaður

Samrit sent öllum alþingismönnum og miðstjórn ASÍ